

Mál nr. 82/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ réttaraðstoðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 23.4.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.5.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er karlmaður og starfandi grunnskólakennari. Hann eignaðist barn í júlí 2006. Hann hugðist af því tilefni taka sér fæðingarorlof 1. mars 2007 til 1. júní sama árs. Þann 4.2.2007 sótti M um greiðslu úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ. Þessum sjóði er m.a. ætlað það hlutverk að verja hluta af iðgjaldi launagreiðanda í sjóðinn til að greiða þann mismun sem er á greiðslum er taka mið af reglugerð nr. 410/1989 annars vegar og skv. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof hins vegar, sbr. gr. 3.1.2 í sérstöku samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og launaneftnd sveitarfélaga um tiltekin réttindi er varða réttindi starfsmanna í samtökunum. Samkvæmt gögnum málsins munu vinnuveitendur sjóðsfélaga hafa greitt til sjóðsins 0,41% (nú 0,55%) af launum þeirra. Með bréfi sjóðsins þann 7.2.2007 var umsókn M hafnað á þeim grundvelli að ekki hafi verið í gildi samningur um fæðingarorlof karla milli stéttarfélags hans, KÍ, og vinnuveitanda fyrir gildistöku laga um fæðingarorlofssjóð, sbr. lög nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

M kveðst vilja leita réttar síns og bera synjunina undir dómstóla. Leitaði hann til vátryggingafélagsins X í því skyni að fá kostnað við málsóknina greiddan úr réttaraðstoðartryggingu sem hann hafði keypt hjá félaginu. Félagið hafnaði málaleitan M með vísan til b. liðar 2. gr. skilmála sem um vátrygginguna gilda, en skv. því ákvæði tekur vátryggingin ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem “er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs...”

Álit.

Ágreiningur sá er M hyggst leita með til dómstóla lýtur að rétti hans til greiðslna úr Fjölskyldu- og styrktarsjóði BHM, BSRB og KÍ, sem eiga að koma til meðan hann er í fæðingarorlofi. Starfsemi sjóðsins og hlutverk hans byggist á samkomulagi milli þessara þriggja tilgreindu launþegasamtaka og viðsemjenda þeirra, ríkis og sveitarfélaga. Þá byggðist synjun sjóðsins á því að ekki hafi verið í gildi samningur milli stéttarfélags hans og vinnuveitanda er veitti honum rétt til greiðslna úr sjóðnum. Verður í ljósi þessa að telja að slík tengsl séu milli ágreiningsefnisins og atvinnu M að réttaraðstoðartrygging sú sem M hefur hjá X taki ekki til þess tilviks sem hér um ræðir. Á M því ekki rétt til greiðslna úr réttaraðstoðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslna úr réttaraðstoðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 21. maí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.